


Dingvallavatn

Tært, undurfagurt og fisksælt





Hefti þetta er unnið fyrir
Stangaveðifélag Reykjavíkur
af Nielsen Group ehf.
og Arkó veiðivörum

Ljósmyndir: Vilhjálmur Magnússon,
nema myndir af bleikjuafbrigðum á
bls. 4: Karl Gunnarsson, Arnþór
Gardarsson, teikningar af bleikjuafbrigðum:
Eggert Pétursson, birt með leyfi eigenda.

Veiðistaðakort: Guttormur P. Einarsson

Texti: Vilhjálmur Magnússon

Heimildir: Þingvallavatn/Undraheimur í
mótun eftir Pétur M. Jónasson og
Pál Hersteinsson.

Öll réttindi áskilin, Nielsen Group ehf.





Þingvallavatn

Þingvallavatn og umhverfi þess er undraverður staður og á sér engan líkan í veröldinni. Greinileg ummerki um gliðnun meginlandanna, þróun bleikjunnar í fjórar mismunandi tegundir og einstakur urriðastofn eru hluti af því sem gerir Þingvallavatn svo sérstakt. Það eru forréttindi að geta sloppið frá ys og þys borgarinnar í veiðiferð og á góðum degi náð sér í væna bleikju. Vonandi verður þessi friðlýsti helgistaður allra Íslendinga opinn veiðimönnum um ókomna framtíð. Í hefti þessu er að finna ýmsan fróðleik um Þingvallavatn og upplýsingar sem vonandi koma sér vel við veiðar í vatninu.

Þingvallavatn er 84 km² að flatarmáli 123 metrar á dýpt en vegna þessa mikla dýpis verður vatnsbolurinn aldrei heitari en 11-12°C á sumrin. Ásamt því að vatnið sem rennur í það er að mestu grunnvatn eða um það bil 3°C heitar uppsprettur. Þingvallavatn er mjög frjótt samanborið við önnur vötn á sömu breiddargráðu. Gróðurinn í vatninu framleiðir um það bil 30 þúsund tonn af þurrefni á ári og veiðin sýnir að Þingvallavatn er frábært veiðivatn með allt að 10 kg afrakstur á hektara á ári.


Bleikjan

Það sem gerir Þingvallavatn frábrugðið öðrum veiðivötnum er bleikjan, sem á afar löngum tíma hefur þróast í fjögur mismunandi afbrigði og er það eina vatnið í veröldinni þar sem svo mörg bleikju afbrigði finnast á sama stað. Afbrigðin fjögur eru vel aðgreind í útliti og lifnaðarháttum. Þau heita kuðungableikja, sílableikja, murta og dvergbleikja. Vitað er að bleikjan hefur þróast í þessi ólíku afbrigði í sköpulagi og litarháttum til að nýta mismunandi fæðu og heimkynni vatnsins. Afbrigðin hafa sérhæft sig og mótast eftir því. Gott er að átta sig á þessu með því að skoða muninn á skolti kuðungableikjunnar og sílableikjunnar, en efri kjálki kuðungableikjunnar skagar vel yfir þann neðri (sjá mynd). Slíkur eiginleiki gerir það að verkum að auðveldara er að tína vatnabobba af strandgrunnsbotninum.

Dvergbleikja er smár fiskur sem missir eiginlega aldrei seiðaeinkennin hvað varðar lit og lögun. Dvergbleikja verður kynþroska á bilinu 7-24 sm að lengd og eru hliðar hennar með gulum óregluglum blettum. Dvergbleikjan heldur sig á efri hluta strandgrunnsbotnsins og lifir aðalega á vatnabobbum.

Kuðungableikja er með snubbótt höfuðlag og hlutfallslega stóra eyrugga. Hún er dökk á baki en silfrud á hliðum, en á hrygningartíma dökkar fiskurinn og verður appelsínugulur á kviðnum. Kuðungableikjan verður kynþroska á bilinu 25 sm til 50 sm að lengd og heldur sig oftast á strandgrunnsbotninum og lifir aðallega á vatnabobbum en leggur sér einnig til munns rykmý, hornsíli og ýmis botndýr.


Murta er smábleikja, silfrud á hliðum með þó nokkuð dökkt bak. Murta verður kynþroska á bilinu 13 til 23 sm að lengd en ólíkt dvergbleikjunni og kuðungableikjunni þá heldur murtan sig mikið uppi í vatnsbolnum fjarri botni. Aðalfæða murtunnar eru fullvaxnir svifkrabbar, en þrjár slíkar tegundir eru í Þingvallavatni.



Sílableikja er silfurgljáandi með ljósum deplum á hliðunum. Sílableikjan verður kynþroska allt frá 23 sm og meira en 50 sm að lengd. Búsvæði hennar er aðallega nálægt botni innan um botngróður sem heitir tjarnarnál, en slíkur gróður lifir á milli 10 til 20 metra dýpi. Búsvæði sílableikjunnar er þó mun breytilegra og má segja að búsvæði hennar sé það sama og allra hinna bleikjuafbrigðanna.

Hrygning bleikjunnar

Þó nokkur munur er á hrygningartíma bleikjuafbrigðanna. Fystu seiði kuðungableikjunnar klekjast í desember, en seiði murtu og sílableikju klekjast líklega ekki fyrr en mars-apríl og klaktími dvergbleikju er mjög breytilegur. Þekktustu hrygningarstaðirnir eru Ólafsdrauttur, og afmarkað lindasvæði í Reyðavík sunnan Miðfells. Ath. bannað er að veiða í Ólafsdraetti frá 1.–31. júlí.



Veiðistaðir í Þingvallavatni er mjög margir en í þessu hefti eru aðeins sýndar myndir af veiðistöðum í þjóðgarðinum. Fiskurinn er stöðugt á ferðinni í leit að æti og er því mjög erfitt að alhæfa hvar slíkir staðir eru nákvæmlega. Hins vegar eru sumir staðir heitari en aðrir og hafa með tímanum fengið ýmis konar nafngiftir eins og Presthólmi, Elliheimilið, Leyniholan o.s.fv.



Unnið af Guttormi P. Einarssyni
Öll réttindi áskilin
Nafngiftir með fyrirvara





Þingvellir - Þjóðgarðurinn

Unnið af Guttormi P. Einarssyni
Öll réttindi áskilin
Nafngiðfir með fyrirvara

GARÐSENDAVÍK

Briskó Bay

Veilóitangi

Elliheimilið

Breiðavík

Grjótnes

Grjótnes-
holmi

Grjótnesvík

GARÐSENDI

Þingvellir - Þjóðgarðurinn

Unnið af Guttormi P. Einarssyni
Öll réttindi áskilin
Nafngiðfir með fyrirvara

Vatnskotspallur

Hólmagrunn

Vatnskots-
hólmar

Murro-
sker

Grýlu-
sker

Grýla

Langitangi

Dagmála-
vík

Túntangi

Breiða-
nes

(Bátavík)

Nausta-
vík

Veilóitanga-
hólmi

(Kotvík)

Veilóitangi

Vatnsvík

Vatnsvíks-
hólmi

VATNSKOT

BÍLASTÆÐI


Þingvellir - Þjóðgarðurinn

Unnið af Guttormi P. Einarssyni
Öll réttindi áskilin
Nafngiftir með fyrirvara



Þingvellir - Þjóðgarðurinn

Unnið af Guttormi P. Einarssyni
Öll réttindi áskilin
Nafngiftir með fyrirvara



Urriðinn

Urriðinn í Þingvallavatni hefur lengi verið meðal umtöluðustu vatnafiska á Íslandi, og er megin ástæðan hversu stór hann getur orðið. Urriði á ættir sínar að rekja til vatna á Bretlandseyjum en í kjölfar seinustu ísaldar einangraðist hann í Þingvallavatni og með tímanum greindist í nokkra stofna. Þekktasti stofninn tengist Efra-Sogi sem var hið náttúrulega útfall Þingvallavats til suðurs en annar þekktur stofn hefur hrygningarstöðvar í Öxará. Eins og margir vita fór sorglega fyrir stofninum í Efra-Sogi og ætti það að vera víti til varnaðar fyrir þá sem taka ákvarðanir um nýtingu náttúruauðlinda hér á landi.

Flugur

Þær eru margar flugurnar sem geta gefið fisk í Þingvallavatni og eflaust mjög mismunandi hvaða flugur menn telji að gefi best. Peacock í ýmsum stærðum og gerðum er vinsæl og þær flugur sem líkja eftir vatnabobbum. Það er eins með flugurnar og veiðistaðina, það er eftitt að alhæfa, mismunandi birtu skilyrði, vindur og hitastig vatnsins getur haft afgerandi áhrif á flugnaval. Þess vegna ætti hver og einn að gera tilraunir og með tímanum afla sér þekkingar.

Á myndunum hér til hliðar sérðu úrval af flugum sem þegar hafa sannað gildi sitt og eru flestar flugurnar hnýttar af Þór Nielsen, landsfrægum veiðimanni. Þór er einn af þeim sem hefur tekið ástfóstri við Þingvallavatn og í 46 ár hefur hann veitt þar, ásamt því að vera höfundur margra vinsælla flugna eins og t.d Svarta killersins, Amalíu o.s.fv.



Þór Nielsen

Stærðir á flugum

Flestar af þessum flugum eru í stærðinni 8 -12. Sumum hefur reynst vel að nota stærri flugur eins og t.d. stóra og feita Peacocka, no 8, á langan öngul, þá bæði snemma á vorin og einnig þegar fer að líða á sumarið. Gott er að setja stærri flugur undir þegar vindur er í meira lagi.

Þurrflugur

Þingvallavatn er eflaust ekki besti staðurinn fyrir þurrfluguveiði nema menn séu á höttunum eftir murtu. Þá er helst að líkja eftir rykmýi eða rykmýshylkjum sem flotið hafa upp á yfirborðið og flugan hefur yfirgefið. Rykmý eða öðru nafni toppfluga er tvívængja sem finnst aðeins hér á landi. Á lifru stiginu lifir toppflugan í vatni og er eldrauð á lit. Á púpustiginu verður hún svört, að lokum myndast loftbóla undir hýðinu og hún flýtur upp undir yfirborðið. Hýðið opnast og vængir þorna og fá endanlega lögun. Á vorin þegar hlýnar í veðri og töluvert magn af



Frisko



Frisko græn



Kolbrún



Amazon



Svarta Nimpan



Teal and Black



Idi Amin



Ke-He Black



Teal and Black m. kúlu



Peacock m. kúlu



Gringo



Killer m. kúlu



Killer



Briskó Bay



Watson Fancy



Amalía



mýi er á leið upp á yfirborðið hefst átveisla hjá bleikjunni. Hentugra virðist að sökkva agninu við slík tækifæri á Þingvöllum. Nota votflugur sem líkir eftir lirfu eða púpu, jafnvel með kúluhaus, þar sem bleikjan sópar upp í sig og gerir ekki greinarmun á agninu og alvöru mýflugnapúpum.

Línur og taumaefni

Flestir sem veiða í Þingvallavatni eru á höttunum eftir kuðungableikjunni en búsvæði hennar er strandgrunnsbotninn, því þarf að koma flugunni niður. Hvort sem notað er hægsökkvandi línur (Intermediate), flotlínur með sökkenda eða einungis flotlínu og hafa tauminn mjög langan í staðinn eða allt upp í 1 til 1-1/2 stangar lengd. Sú aðferð að nota flotlínu og langan taum hefur gefist ágætlega, þá sérstaklega á þeim stöðum sem auðvelt er að festa í botni. Einnig er hægt að nota mjúka öngla en þegar þeir festast þá gefa þeir eftir við átak, svo er þeim bara komið í sömu bugtina aftur. Hentugast er að nota taumaefni á spólum því gott er að skipta ört um flugur og þá gengur hratt á tauminn. Styrkleiki taumaefnisins fer eftir þeim fisktegundum sem veiðimaðurinn vonast eftir að ná. 5-6 punda taumur er finnst fyrir veiði á kuðungableikju. Persónulega finnst mér 8 punda taumur fin stærð í Þingvallavatni, bæði á kuðungableikju og Síableikju. Þeir sem eru á höttunum eftir urriðanum nota mun öflugari tauma, þó svo vænir urriðar hafi veiðst í Þingvallavatni á granna tauma eins og 8 pund. Gott er að tauma efnið sé matt eða glansi ekki, sé stíft og beint í vatni. Ekki er verra ef það heldur vel þótt vindhnútur hafi komið á tauminn, eins t.d. taumaefnið frá RIO. Þegar það er verið að veiða kuðungableikju er gott að draga mjög hægt inn og þá sérstaklega þegar murtan er farin að gera vart við sig. Murtan lætur agnið frekar vera ef það er dregið inn rólega.



Besti veiðitíminn og besta veðrið

Eins og flest öll vatnaveiði á Íslandi þá veiðist best fyrri part sumars, maí, júní og júlí. Þeir sem vilja veiða urriða, þá er það helst að vera á ferðinni snemma á vorin, því fiskurinn leitar dýpra þegar líður á sumarið og kemur svo aftur nær stradgrunnsbotninum á haustin til að hrygna. Ef við tölum um besta tíma sólarhringsins til að veiða, ætli svarið sé ekki rétt áður en sólin sest og stuttu eftir að hún kemur upp að morgni, annars er hægt að veiða á öllum tímum í Þingvallavatni. Sumir láta sig hafa það að veiða heilu næturnar en það er ólýsanleg tilfinning að vera á Þingvöllum þegar sólin kemur upp og veðrið er gott. Hljóðin í fuglunum sem titla í flæðamálinu og köllin í himbrímanum, ótrúleg ró færist yfir mann! Besta veðrið!...það er erfitt að segja, heitir dagar bæði í logni og smá vindi er fínt, erfitt að alhæfa. Vestan áttin er fyrir einhverja hluta sakir slakasta vindáttin til að veiða í á Þingvöllum, afhverju get ég ekki útskýrt.

Þingvalla þjófarnir

Það er ráðlegt að setja allan fisk sem veiðist strax í góðan poka sem hægt er að loka en ekki skilja veiðina eftir á bakkanum til að freista minks eða jafnvel máfa. Síðasta sumar lenti ég einmitt í slíku atviki en einhverra hluta vegna var silungapokinn ekki með í för. Ég fór að veiða án pokans og fékk fljótlega kuðungableikju í Vatnaskotinu og óð með fiskinn í land. Rétt hjá voru erlendir ferðamenn búnir að tjalda. Ég fór aftur að veiða eftir að hafa losað fiskinn en stuttu seinna heyrði





ég hlátrasköllin í ferðamönnunum fyrir aftan mig. Þegar ég leit við sá ég að máfur var kominn með fiskinn hátt upp í loft og flögraði í átt að Arnarfellinu. Eftir þetta hef ég aldrei gleymt silungapokanum þegar farið er á Þingvöll og læt Þingvalla þjófana ekki plata mig aftur.

Það sem ber að varast

Hitastigið í vatninu og ósléttur háll botn með glufum og gjám er hlutur sem veiðimenn verða að taka tillit til. Það ætti að vera skilyrði ef menn eru að vaða að nota vöðlubelti, en það hindrar að vöðlurnar fyllist strax af vatni. Einnig er varasamt að vaða langt út þegar vatnið er spegilslétt og gott er að sjá botnin en rata ekki til baka þegar fer að vinda og vatnið gárast. Veðrið á Þingvöllum getur rokið upp á allt í einu án þess að aukast jafnt og þétt. Því ættu menn að fara varlega sem nota Belly-báta eða Sundmaga eins og það er kallað á íslensku. Að vísu er bönnuð öll notkun báta frá þjóðgarðinum en ég hef ekki fengið staðfest hvort Belly-bátar flokkast undir þær reglur. Alla vega farið varlega það er ekkert grín að lenda í vandræðum á Þingvallavatni.

Þingvallavatn- Almennar upplýsingar

Veiðitímabil: 1. maí til og með 15. september, en veiðibann er í Ólafsdreppi frá og með 1. júlí til 31. júlí, vegna hrygningu Kuðungableikjunnar.

Daglegur veiðitími: Frjáls

Leyfilegt agn: Allt löglegt agn.

Vonandi kemur hefti þetta ykkur að góðum notum og eigið góðar stundir við vatnið hjarta.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur
Nielsen Group ehf.
Arkó veiðivörur



Nielsen veiðilínan

...vönduð íslensk hönnun



Nielsen vörurnar fást í Arkó veiðivörum, Krókhálsi 5g, www.arko.is



Nielsen
FISHING GEAR

www.nielsen.is

HÖNNUN: NIELSEN GROUP BPP.